

MYNDLISTIN

Listasafn ASÍ og Verkamannafélagið Dagsbrún standa í sameiningu að samsýningu fjögurra frístundalistamanna úr Dagsbrún. Sýnd eru verk eftir Birgi Nurmán Jónsson, Eggert Magnússon, Jón Haraldsson og Pétur Hraunfjörð. Sýningin verður opin virka daga kl. 16-12, en 14-22 um helgar til 13. sept.

Kristján Kristjánsson sýnir 20 collage-myndir í gallerí Hallgerði, Bókhöfudstíg 2, 29. ágúst-13. sept. Sýningin ber heitið „Dreams That Money Can Buy“, og er efni myndanna sótt í heim drauma og veruleika. Sýningin er opin kl. 14-18 sýningardagana.

Listasafn Einars Jónssonar sýnir gipsmyndir og málverk Einars. Opíð alla daga nema mánudaga kl. 13.30-16.00. Höggmyndagarðurinn opin alla daga kl. 11-17.

Ásmundarsafn við Sigtún sýnir abstraktskúlpúra eftir Ásmund Sveinsson. Opíð daglega kl. 10-16.

Listasafn Háskóla Íslands sýnir úrval verka sinna í Odda, húsi Hugvísindadeildar Háskólans. Opíð daglega kl. 13.30-17.00.

Íslensk skinnhandrit, þar á meðal handrit að Eddukvæðum, Flateyjarbók og Njálu eru til sýnis í Árnagarði þriðjudega, fimmtudega og laugardaga kl. 13.30-17.

Árbæjarsafn er opíð alla daga nema mánudaga kl. 10-18.

Gallerí Sigtún, sem er í Hótel Holliday Inn, sýnir olíumálverk og pastelmýndir eftir Torfa Harðarson.

Sjóminjasafn Íslands, Vesturgötu 8 í Hafnarfirði, hefur sýningu um árabátaöldina á Íslandi. Jafnframt er sýnd heimildamyndin „Silfur hafsins“. Opíð 14-18 alla daga nema mánudaga.

Gallerí Grjót við Skólavörðustíg hefur samsýningu á verkum meðlima gallerisins. Opíð virka daga kl. 12-18.

Gallerí List, Skipholti 50c, sýnir verk eftir yngri og eldri listamenn. Opíð á verslunartíma.

Gallerí Íslensk list, Vesturgötu 17, sýnir verk eftir 14 félagum í Listmálarafélaginu. Opíð mánud.-föstud. kl. 9-17.

FIM-salurinn, Garðastræti 6. Samband íslenskra listamanna, SÍM, hefur opnað sýningu á verkum félaga innan SÍM, sem hafa gefið verk til sýningarinnar til styrktar starfsemi félagsins. Öll verkin eru til sölu. Sýningin stendur til 27. sept. n.k.



Meningarsamtökin Norðlendinga, MENOR, og Alþýðubankinn á Akureyri kynna myndlistarkonuna Kristínu Guðrúnu. Hún er fædd á Akureyri og lauk þaðan stúdentsprófi. Á listkynningunni eru 7 verk, 4 unnin með olíu á striga og 3 mónógrafísk verk. Listkynningin er í útbúi Alþýðubankans á Akureyri, Skipagötu 14 og lýkur 16. október.

Listasafn Íslands er lokað vegna flutninga í nýja húsnæðið, sem væntanlega verður opnað 7. nóv. n.k.

Gallerí Gangurinn, Reka-granda 8. Wolfgang Stengt hefur opnað sýningu í Ganginum, en hann er einn af hinum svokölluðu ungu geómetrísku listamönnum Austurríkis. Fjallað er um list hans í nýlegu Kunstforum, hefti sem helgað er austurrískri list. Sýning hans er eitt verk, eins konar installation og gæti einnig fallið undir min-

UM HELGINA

imalisma. Wolfgang hefur unníð þessa sýningu sérstaklega fyrir Gallerí Ganginn.

Norræna húsið. Danskir gullsmíðir í Reykjavík. Gullsmíðirnir Henrik Blöndal Bengtson og Ulrik Jungersen halda sýningu á verkum sínum frá 5. sept. til 4. okt.

Í **Gallerí Borg**, Pósthússtræti 9, stendur nú yfir sýning á verkum Gestis og Rúnu. Á sýningunni sýnir Gestur höggmyndir, unnar á síðustu þremur árum. Rúna sýnir veggmyndir úr brenndum leir og blekteikningar á japanskan pappír. Sýningin er opin virka daga frá kl. 10-18.

Kjarvalsstaðir. Helgi Þorgils Friðjónsson er með sýningu í austursal Kjarvalsstaða á olíumálverkum. Sýningin er opin alla daga frá 2-10 til 20. september.

Kjarvalsstaðir. Septemhópurinn er með myndlistarsýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Þau sem sýna í þetta sinn eru: Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur Benediktsson, Hafsteinn Austmann, Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson. Sýningin er opin daglega frá 2-10 til 20. september.

samsæti á Hótel Borg, kl. 16 á sunnudag 13. sept. Félagið verður fimm ára í vetur. Félagar munu koma saman á mánudögum í allan vetur að Hverfisgötu 105. Samstilling er félag þeirra sem hafa áhuga á söng og gaman af því að syngja og hitta fólk.

Heiti potturinn. Jazz í heita pottinum í Duus-húsi í Físc'hersundi, sunnudags- og mánudagskvöld. Jón Páll Bjarnason gítarleikari leikur ásamt Pétri Grétarssyni á trommur og Tómas R. Einarssyni á kontrabassa. Sérstakir gestir eru Friðrik Karlsson gítarleikari og söngvarinn Friðrik Theodórs-son. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 bæði kvöldin.

Rithöfundasambands Íslands, einleikur á flautu Robert Aitken, Kanada. Bókmenntadagskrá kl. 20.30. Þar koma fram Johan Bargum Finnlandi, Dorrit Willumssen Danmörku, Jon Michélet Noregi, Einar Már Guðmundsson og Þórarinn Eldjárn. Á mánudaginn 4. sept. eru umræður um norræna skáldsagnagerð. Bókmenntakynning í framhaldsskólum kl. 12. Franski rithöfundurinn A. Robbe Grillet heldur fyrirlestur á frönsku sem nefnist: „Le nouvel roman et l'autobiographie“ – Nýja skáldsagan og ævisagan.

Gamla bíó. Bókmenntadagskrá. Þar koma fram Fay Weldon Bretlandi, Erwin Strittmatter A-Þýskalandi, Poul Borum Danmörku, Kaari Utrio Finnlandi og Einar Kárasón. Dagskráin hefist kl. 20.30.

HITT OG PETTA

Viðeyjarferðir Hafsteins Sveinssonar hefjast um helgar kl. 13. Kirkjan í Viðey er opin og veitingar fást í Viðeyjarnausti. Bátisferðin kostar 200 kr.

Grasagarðurinn í Laugardal er opin almenningi virka daga frá 8-22 og 10-22 um helgar. Þar er að finna allar jurtir sem vaxa villtar á Íslandi og fjölda annarra tegunda.

Torfhleðslunámskeið verður haldið í Vatnsmýrinni fyrir neðan Norræna húsið á laugardag og sunnudag kl. 10-18 með matarhléi kl. 13-14. Kennit verður að rista klömbu og streng og hlaða vegg með sama hætti og tíðkast hefur á Íslandi frá landnámsstíð. Leiðbeinandi er Tryggvi Gunnar Hansen. Þátttakendum er bent á að hafa með sér stígvél, regnföt og stunguspaða. Nánari upplýsingar í síma 75428.

Ferðafélag Íslands. Dagsferð til Þórsmerkur sunnudaginn 13. sept. og sunnudaginn 20. sept. Verð 1000.-kr. Dvalið um 3½ klukkustund í Þórsmerkur og farið í gönguferðir. Upplýsingar hjá FÍ, Öldugötu 3.

Sjálfstyrking og ákveðniþjálfun. Námskeið þar sem þátttakendum er gefin þjálfun í samskiptum við börn sín, eða í ákveðni og sjálfstyrkingu. Leiðbeinendur eru Hugo Þórisson og Wilhelm Norðfjörð, og hafa þeir hlotið þjálfun hjá „Effectiveness Training Inc.“ í Bandaríkjunum til að standa fyrir þeim. Enn eru laus pláss á fyrstu námskeið haustsins. Hægt er að fá allar upplýsingar og skrá sig í sínum 621132 og 82804 e.h. alla virka daga.

Norræna húsið. Bókmenntahátíð verður opnuð kl. 16 á sunnudag 13. sept. Ávörp flytja Knud Ödegaard forstjóri, Birgir Ísl. Gunnarsson menntamálaráðgjafi, sænski rithöfundurinn Sara Lidman, Sigurður Pálsson, formaður

Þetta er síðasta sýningarhelgin. Sýningunni lýkur þriðjudeginn 15. september.

Nýlistasafnið. Ragna Hermannsdóttir sýnir bækur, grafik, málverk og klippimyndir 12. til 17. september, að báðum dögum meðtöldum. Ragna lauk námi frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1983 og hefur síðan dvalið að mestu erlendis, eitt ár í New York og síðustu þrjú árin í Hollandi. Sýningin opnar föstudag 11. sept. kl. 8 e.h.

Slunkaríki á Ísafirði. Margrét Árnadóttir Auðuns opnar sýningu á verkum sínum í Slunkaríki á Ísafirði laugardaginn 12. september kl. 16. Margrét stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands frá 1970-74, og í Écoles des Beaux Arts í Toulouse og París á árunum 1974-79. Þetta er fyrsta sýning Margrétar, en hún hefur áður tekið þátt í samsýningum, heima og í Frakklandi. Sýningin stendur til mánaðamóta.

Kjarvalsstaðir. Eydis Lúðvíksdóttir er með myndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 40 verk sem hún hefur unnið, stórar skálar og veggmyndir.

Norræna húsið. Vilhjálmur Bergsson sýnir 47 verk í kjallara Norræna hússins. Þar af eru 23 olíuverk, 15 vatnslitamyndir og 9 blýants- og kolateikningar. Sýningin er opin daglega frá 14-22, fram til 20. september.

Gallerí Svart á hvítu. Helgi Þorgils Friðjónsson er með sýningu á grafik og vatnslitamyndum. Opn frá 14-18 til 20. september.

TÓNLISTIN

Norræna húsið. Dagana 13.-19. sept. verður haldin samnorræn tónlistarhátíð ungs fólks undir merkjum UNM-samtakanna. Á hverjum degi verða tónleikar með verkum eftir og í flutningi þátttakenda. Alls verða flutt verk eftir 42 norræn tónskáld undir þritugu, þar af 11 íslensk. Þá verða haldin námskeið og fyrirlestrar í tengslum við hátíðina og góðir gestir mæta á svæðið. Nánar er sagt frá hátíðinni í Þjóðviljanum í helgarblaði.

Nýlistasafnið. Madrigalarnir verða með söngtónleika í Nýlistasafninu á sunnudagskvöld kl. 20.30. Á efnisskrá eru m.a. lög eftir Phillipe Verlot, Thomas Morley, Ivan Ponce, John Farmer, Josquin des Pres, Hans Leo Hassle. Madrigalarnir eru sérstök tegund tónlistar frá endurreisnartímum, e.k. popplög þeirra tíma, þar sem tónlistin er kirkjuleg, en textarnir veraldlegir og segja frá sorgum og gleði í daglegu lífi. Madrigalarnir eru hópur ungs fólks sem flest er við nám eða kennslu erlendis eða hér á landi. Það telst nýlunda að tónleikar séu haldnir í Nýlistasafninu.

Gerðuberg. Ljóðatónleikar frá óperu- og ljóðanámskeiði Svanhvítar Egilsdóttur og Wassilis Kotulas sem staðið hefur s.l. tvær vikur í Tónlistarskólanum, verður í Tónverkamíðstöðinni að Gerðubergi laugardaginn 12. sept. kl. 17.

Samstilling. Söng- og skemmtifélagið Samstilling byrjar vetrarstarf sitt með kaffi-

NÁMSAÐSTOÐ

Fyrir þá sem vilja ná lengra í skóla.

● Íslenska, stærðfræði, enska, danska, eðlis- og efnafræði og margar fleiri bóklegar greinar grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla.

● Smáhópar (2-4 manna) og einstaklingskennsla.

● Misserisnámskeið (14 vikna) fyrir 9. bekkjar nemendur sem vilja ná varanlegum árangri í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku.

● Styttra nám fyrir þá sem þurfa minni aðstoð.

● Ráðgjöf fyrir þá sem ekki eru vissir um hvað þeir vilja eða geta.

Við erum nú á tveimur stöðum: Þangbakka 10, Mjóddinni (aftan við Bío-höllina) og Einholti 2 3 hæð (næsta húsið ofan við DV).

INNDRITUN ER HAFIN Í EINHOLTI 2, KL. 14-18 SÍMI: 624062

LEIÐSÖGN SF.